



# KYN 2A05

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Hanna Björg Vilhjálmisdóttir

**Netfang/netföng:**

[Hanna.vilhjalmsdottir@borgo.is](mailto:Hanna.vilhjalmsdottir@borgo.is)

**Lýsing:**

Kynja- jafnréttis- og hinseginfræðsla. Birtingarmyndir kynjaskekkjunnar, hugtök kynja- og hinseginfræða skoðuð, greind og ígrunduð. Nemendur eru hvattir til að rýna í umhverfi sitt og menningu með kynjagleraugum, verða meðvituð um kynjakerfið, orsakir þess og afleiðingar. Lýðræðisleg nálgun er mikilvæg í áfanganum og umræður nemenda eru rauður þráður í náminu. Námsmat er fjölbreytt og áhersla er á alla grunnþætti menntunar, en þó sér í lagi grunnþáttinn jafnrétti.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekking:**

- Hugtök kynja- og hinseginfræða
- Þekking á birtingarmyndum kynjaskekkjunnar í nær og fjær samfélagi nemenda
- Tilurð kynjafræði sem fræðagreinar, fræðileg- og félagslegt inntak greinarinnar

**Leikni:**

- Að nemandi geti beitt hugtökum kynjafræðinnar á ólíkar aðstæður
- Að meta jafnrétti út frá menningarlegum gildum samfélagsins
- Að nemandi geti rýnt í poppmenninguna, vinnurmarkaðinn, stjórn málin og önnur svið samfélagsins og áttað sig á stöðu kynjanna eins og hún birtist þar

**Hæfni:**

- Nemandi hafi hæfni til að skilja helstu orsakir mismununar á kynjunum í samfélagi skv. hugmyndum kynjafræðinnar
- Að nemandi geti tengt menningu samfélagsins, gildi og viðmið – við eigið líf

Nemandi hafi hæfni til að beita hugtökum kynjafræðinnar á markvissan hátt um málefni kynja- og hinseginfræðanna

**Námsmat:**

Áfanginn er símatsáfangi, í því felst að nemendur vinna ólík verkefni sem öll eru metin til einkunnar.

**Nemendur þurfa að ljúka öllum námsmatsþáttum til að útskrifast úr áfanganum. Þetta þýðir að nemendur þurfa að skila öllum verkefnum og taka öll próf í áfanganum og fá að meðaltali 5,0 í einkunn.**

**Verkefni – 40%**

Lestur, áhorf og önnur úrvinnsla fellur undir þennan lið. Ekki verður gefin frestur á verkefnum. Verkefni hafa það hlutverk að kortleggja og skapa heildræna nálgun á efni áfangans. Lengd er 1 -3 síður, 12 pt. letur 1 ½ línubil, skilist rafrænt á INNU (þegar það á við).

**Verkefni:**

- Verkefni 1: Knúz (munnleg skil) 5%
- Verkefni 2: Karlmennska og kvenska 5%
- Verkefni 3: Kynlíf 5%
- Verkefni 4: Klám & klámvæðing 5%
- Verkefni 5: Klám & klámvæðing 5%
- Verkefni 6: Kynbundið ofbeldi: Vændi 5%
- Verkefni 7: Hinsegin/kynsegin 5%
- Verkefni 8: Lokaverkefni 5%
- Verkefni 9: Lokaígrundun 5%

**Hugtakapróf – 15%****Munnlegt námsmat -15%****Lokaverkefni**

Hér gefst nemendum tækifæri að nálgast efni áfangans á sínum forsendum, draga fram það sem vakti áhuga þeirra og setja fram með skapandi, gagnrýnum og vönduðum hætti.

**Vinnueinkunn 25% - gefin í lok annar.**

Hér er nemendum gefin einkunn fyrir heimalestur, þátttöku, tímaverkefni og framlag sitt í kennslustundum.

**Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku.**

**Námsgögn:**

Nemendur fá aðgang að námsefni á INNU sem er án endurgjalds. Hluti af náminu getur verið að fara í vettvangsferðir t.d. í bíó eða leikhús og munu nemendur þá greiða sjálf fyrir slíkt.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Kennari áskilur sér rétt til að spyrja nema munnlega úti skriflega skiluðum verkefnum – leiki grunur á að nemandinn hafi ekki að öllu leyti unnið verkefnið sjálfur. Nemandi getur fengið aðstoð við verkefni en þarf að skilja inntakið að öllu leyti sjálf/t/ur og geta gert grein fyrir því munnlega við kennara undir fjögur augu.

Athugið sérstaklega, gerist nemandi uppvis að því að svindla eða skila verkefni sem nemandinn er ekki höfundur að eða hefur unnið sjálfur, getur viðkomandi átt það á hættu að vera vísað úr áfanganum. Notkun gervigreindar (AI) við verkefnaskil verða rædd sérstaklega og kennari gefur skýrar leiðbeiningar um hvað telst til svindls eða ranginda í verkefnaskilum.

Gerð er krafa um að fjöldi almennra og óútskýrðra fjarvista fari ekki upp fyrir 10. Námið byggir að miklu leyti á þjálfun í gagnrýnni hugsun og samtali um efnisþætti áfangans og því er nauðsynlegt að nemendur mæti mjög vel til að ná hæfnimarkmiðum áfangans. Hafi nemandi ítrekaða fjarvist sökum veikinda, verður sú staða sérstaklega rædd. Fari fjöldi fjarvista yfir 10 verður nemandi vísað úr áfanganum

*Kennsluáætlunin kann að taka breytingum á önninni en þá að höfðu samráði við nemendur. Verkefni taka bæði til lesefnis og þess sem fram kemur í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Ástundun er mikilvægur þáttur í náminu. Sé nemandi ekki mættur í kennslustund innan 10 mínútna frá því að hún hefst telst hann fjarverandi í tímanum*



Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		
34	LOTA	Velkomin í kynjafræði: kynning á efni áfangans og skipulagi umræðutíma ofl. Knúzverkefni lagt fyrir	
35	1 umr tími	Munnleg skil á Knúzverkefni (ath. skila líka á INNU)	<b>Verkefni 1 (5%)</b>
36	2 umr tími	Munnleg skil frh	
37	3 umr tími	Karlmenska	<b>Verkefni 2 (5%)</b>
38	4 umr tími	Kvenska	<b>Verkefni 3 (5%)</b>
39	5 umr tími	Kyn og fjölmiðlar	
40	6 umr tími	Kynfræðsla – verkefnavinna	<b>Verkefni 4 (5%)</b>
41	LOTA 7 umr tími	Klám/klámvæðing	<i>lota</i>
42	8 umr tími	Klám/klámvæðing	<b>Verkefni 5 (5%)</b>
43	9 umr tími	Kynbundið ofbeldi: Vændi og mansal	
44	10 umr tími	Kymbundið ofbeldi: Tölfræði	<b>Verkefni 6 (5%)</b>
45	11 umr tími	Hinsegin/kynsegin	<b>Verkefni 7 (5%)</b>
46	12 umr tími	Hugtakaskilgreiningar	
47	13 umr tími	Hugtakaskilgreiningar	<b>Hugtakapróf (15%)</b>
48	LOTA 14 umr tími	Munnlegt próf	<b>Munnlegt próf (15%)</b>
49	15 umr tími	Lokaverkefni - lokaígrundun	<b>Verkefni 8 (5%) Verkefni 9 (5%)</b>
50	11.-13. des	Lokaverkefni og uppsóp	Síðasti kennsludagur

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*